

# Eiríkur Jónsson hlýtur kennsluverðlaun á Landspítala

**Tómas  
Guðbjartsson**

Þann 19. desember síðastliðinn voru í fyrsta skipti afhent kennsluverðlaun á skurðlækningasviði Landspítala. Verðlaunin voru veitt þeim sérfræðingi sem þykir hafa skarað fram úr við kennslu deildarlækna á síðasta ári. Á haustmánuðum var gerð ítarleg könnun meðal deildarlækna á skurðlækningasviði um ýmis atriði sem snúa að kennslu og fræðslu. Meðal annars var spurt hver væri besti kennarinn og hvaða deild hefði verið lærdómsríkust. Hlutskarpastur varð Eiríkur Jónsson yfirlæknir á þvaggfæraskurðeild Landspítala og deildin var kosin sú besta. Á myndinni sést Eiríkur með verðlaunin en hann hefur um árabil verið óþreytandi við kennslu unglækna og læknanema. Stefnt er að því að þessi verðlaun verði árlegur viðburður.



Ljósmynd: Inger Helene Bóasson.

Félag fagfólks um hjarta- og lungnaendurhæfingu

## Styrkir úr vísinda- og fræðslusjóði FHLE

Sjóðsstjórnin auglýsir styrki úr vísinda- og fræðslusjóði til umsóknar. Umsóknarfrestur er til 28. febrúar 2009. Úthlutað verður 1. apríl 2009.

Sjóðurinn var stofnaður að loknu sjötta norræna hjartaendurhæfingarþinginu sem haldið var í Reykjavík í júní árið 2002 á vegum Félags fagfólks um hjarta- og lungnaendurhæfingu. Rann allur ágóði ráðstefnunnar í sjóðinn.

Markmið sjóðsins er að styrkja rannsóknar- og þróunarverkefni og ritsmíðar um hjarta- og lungnaendurhæfingu. Sérstök skipulagsskrá gildir um sjóðinn.

Sjóðurinn styrkir:

- Útlagðan kostnað vegna samþykks verkefnis, s.s. póstburðargjöld og aðkeypta tölfræðiúrvinnslu.
- Ferðakostnað tengdan rannsóknar- og þróunarverkefnum.
- Kaup á nauðsynlegum tækjum til samþykks verkefnis.

Styrkurinn er veittur til eins eða fleiri þátta sem tilgreindir eru að ofan, allt eftir eðli og umfangi verkefnisins. Ekki er gert ráð fyrir launagreiðslum til rannsakenda.

Umsóknir verða metnar af stjórn sjóðsins. Úthlutunarfé er ákveðið samkvæmt mati stjórnar sjóðsins. Stjórn sjóðsins áskilur sér rétt til að hafna umsóknum eða fara fram á endurskoðun verkefnis eða kostnaðaráætlunar.

Skriflegar umsóknir um styrki úr sjóðnum skulu vera vel rökstuddar með kostnaðar- og tímaáætlun. Jafnframt skal koma fram í umsókninni hvort aðili nýtur styrkja frá öðrum sjóðum. Vanda ber frágang umsóknarinnar.

Umsóknum, ásamt fylgigögnum, skal skilað á sérstöku umsóknareyðublaði í fjórri til formanns sjóðsstjórnar. Einnig skal senda umsóknina á rafrænu formi til magnus.b.einarson@simnet.is

Í sjóðsstjórn eru Marta Guðjónsdóttir, Reykjalundi, Axel F. Sigurðsson, Landspítala og Magnús B. Einarson, formaður, Hlyngerði 9, 108 Reykjavík.